



Íslenska 10. bekkur 2025-2026

Á skólaárinu er ætlast til að nemendur lesi ýmiss konar texta og öðlist færni í lesskilningi og gagnrýninni hugsun með lestri, þátttöku í umræðum og verkefnavinnu, þjálfist í framsögn og því að koma fram fyrir aðra með kynningum á verkefnum. Nemendur þjálfist í að nýta þekkingu sína á bókmenntahugtökum við túlkun og mat á lesnum texta sem og myndefni og æfi um leið sjálfstæð vinnubrögð. Lagt er upp með að nemendur dýpki þekkingu sína á Íslendingasögum með lestri Gísla sögu Súrssonar og þjálfist lesskilning, ritun og ýmis málfræðiatrði með fjölbreyttri verkefnavinnu tengdri sögunni. Einnig að nemendur hafi góða þekkingu á öllum helstu málfræðihugtökum sem kennd eru á unglingastigi, nái færni í að rita rétt stafsetta og fjölbreytta texta í tengslum við bókmenntir og lestur.

Kennsluaðferðir

Ýmsar leiðir eru farnar í kennslunni, t.d. er viðhöfð bein kennsla, einstaklingsvinna, samvinnunám og hópavinna, ritunarverkefni, skapandi verkefni og áhorf.

Námsefni

Finnur III, Málfinnur, Stafsetning – kennslubók, Grafarþögn eftir Arnald Indriðason, þáttaröðin Mannaveiðar, kvikmyndin Mýrin, Englar alheimsins - kvikmynd, Djöflaeyjan – kvikmynd, Logar, Neistar, Útbrot, Gísla saga Súrssonar, Útlaginn – kvikmynd, Bragfræði, ljóðahefti, ljósrit frá kennara, frjálslestrarbók.

Námsmat

Hópavinna, einstaklingsverkefni og kynningar eru metnar, tímaritanir og stafsetning, samvinnupróf, bragfræði-/ljóðaörkönnun, framsögn í ýmsum verkefnum.

Kennarar Guðfinna Auður Guðmundsdóttir og Lilja Jóna Torfadóttir, sérkennari er Sigurlaug Hauksdóttir.



Stærðfræði 10. bekkur 2025 -2026

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður. Í stærðfræðinámi þurfa nemendur að þróa með sér hæfni til að setja fram og leysa viðfangsefni, ígrunda ólíkar aðferðir og líkön sem nýtast við lausnir þeirra og leggja mat á niðurstöður.

Hæfni í stærðfræði felst í að hafa skilning á stærðfræði, geta spurt og svarað með henni og notað tungumál og verkfæri hennar. Til þess að öðlast þessa hæfni þurfa nemendur að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði, trú á eigin getu og rækta með sér það viðhorf að stærðfræði sé skynsamleg og nytsamleg. Í því felst að geta leitað lausna og sett stærðfræðileg viðfangsefni fram á fjölbreyttan hátt, með því að beita skapandi hugsun, ígrundun og röksemdum og setja fram stærðfræðileg líkön.

Unnið er með stærðfræðilegar aðferðir sem nýtast í daglegu lífi, mynstur og kerfi, rökhugsun og táknmál stærðfræðinnar. Námsþættir vetrarins eru fjármál, rúmfræði og hönnun, algebra og jöfnur, föll og líkindi. Notast verður við upplýsingatækni og efni miðlað til nemenda á Google Classroom. Markmið að virkja nemendur bæði á neti og í kennslustundum.

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í formi innlagna, einstaklingsvinnu, hóp- og stöðvavinnu ásamt verkefnavinnu og verkefnaskilum. Einnig verða myndbönd og annað námsefni á Google classroom.

Ef ekki næst að ljúka við áætlun í kennslustundum þarf að gera það heima. Upplýsingar um heimavinnu eru settar inn á Mentor.

Námsefni og gögn

Skali 3A og 3B, nemendabækur og æfingahefti, Vinkill, Almenn stærðfræði, Átta-tíu ásamt efni frá kennurum. Einnig er stuðst við excel í tölvuvinnslu og annað rafrænt efni.

Námsmat

Námsmat er unnið skv. aðalnámsskrá og gefið í bókstöfum D-A. Það samanstendur af kaflaprófum og verkefnaskilum, hópaverkefnum, stöðvavinnu í kennslu, þrautalausnum o.fl. Einnig verða minni verkefni á Google Classroom.

Kennslustundir

4 x 60 mínútur á viku.

Kennarar Bjarni Sævar Þórsson, Sigurlaug Hauksdóttir og Guðrún Þóra Bjarnadóttir sérkennari



Náttúrufræði 10. bekkur 2025 - 2026

Að við lok unglingastigs:

- Geti nemendur gert grein fyrir hvernig niðurstöður rannsókna hafa haft áhrif á tækni og atvinnulíf
- Geti nemendur tekið þátt í skipulagi og unnið eftir verk- og tímaáætlun hóps við að hanna umhverfi, hlut eða kerfi.
- Nemendur geti beitt algengustu hugtökum og heitum í náttúrugreinum unglingastigs.
- Skýrt með dæmum hvernig náttúruvísindi, tækni, menning, heimsmynd mannsins og náttúran hafa áhrif hvert á annað
- Geti nemendur lesið texta um náttúrufræði sér til gagns, umorðað hann og túlkað myndefni honum tengt.
- Geti nemendur aflað sér upplýsinga um náttúruvísindi úr heimildum á íslensku og erlendum málum.
- Geti nemendur beitt vísindalegum vinnubrögðum, s.s. tilraunum og athugunum á gagnrýninn hátt við öflun upplýsinga innan náttúruvísinda.
- Geti nemendur skoðað og skráð atburði eða fyrirbæri sem snerta samspil manns og umhverfis í framhaldi tekið virkan þátt í gagnrýninni umfjöllun um málið og gert tillögur um aðgerðir til bóta.
- Geti nemendur lýst ólíkum leiðum við framleiðslu, dreifingu og nýtingu orku á Íslandi.
- Geti nemendur útskýrt krafta sem verka í daglegu lífi manna.
- Geti nemendur útskýrt einfaldar rafrásir og tengsl rafmagns og segulmagns.

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í formi innlagna, einstaklingsvinnu, hóp- og stöðvavinnu. Nemendur ljúka áætlun í náttúrufræði heima. Upplýsingar um heimavinnu eru settar inn á Mentor.

Námsefni og gögn

Eðlisfræði 2, Eðlisfræði 3, Maður og náttúra og efni frá kennara.

Námsmat

Námsmat er unnið skv. aðalnámsskrá og gefið í bókstöfum D-A. Það samanstendur af verkefnaskilum, ritgerð, kaflaprófum, myndbandagerð, heimsasíðugerð og verkefnavinnu í tímum. Einnig verða minni verkefni á Google Classroom.

Kennarar Bjarni Sævar Þórsson og Sigurlaug Hauksdóttir



Samfélagsfræði 10. bekkur 2025-2026

Við lok 10. bekkjar er markmiðið að nemendur hafi fengið æfingu og náð hæfni í að túlka og nýta upplýsingar um samfélagsmálefni og mynda sér skoðanir. Geti útskýrt og beitt hugtökum samfélagsgreina og fjallað um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum. Tekið virkan og jákvæðan þátt í gagnrýninni samræðu og lýðræðislegu samstarfi. Áhersla er lögð á að nemendur geri sér grein fyrir áhrifum margvíslegra þátta á mótun sjálfsmyndar, hugarfars, samskipta og hegðunar. Geti útskýrt hlutverk siðferðis, trúar og lífsskoðana á líf einstaklinga og greint ólíkar birtingarmyndir þessara þátta og áhrif í samfélögum. Rökrætt stöðu einstaklinga sem þátttakenda í samfélaginu, réttindi, skyldur og getu til aðgerða og útskýrt gildi mannréttinda og lýðræðis. Auk þessa geti nemendur fjallað um stjórnkerfið og áhrif þess á líf einstaklinga, fjallað um sögulega viðburði nær og fjær, orsakasamhengi og áhrif þeirra frá ólíkum sjónarhornum. Borið saman ólíka menningarheima út frá aðstæðum og lífi fólks og útskýrt áhrif mannkyns á jörðina og þýðingu sjálfbærrar þróunar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf.

Kennsluaðferðir

Ýmsar leiðir eru farnar í kennslunni, bein kennsla, einstaklingsvinna, samvinnunám og hópavinna, skapandi verkefni og áhorf. Áhersla á sjálfstæði í vinnubrögðum og heimildaöflun og er slíkt m.a. þjálfað með vinnu að þverfaglegu verkefni þar sem sett eru upp sýndarréttarhöld eftir að nemendur hafa aflað heimilda sem varða málefnið og fundið rök fyrir máli sínu í samvinnu við hópfélaga. Lögð er áhersla á leiðsagnarnám og umræður.

Námsefni

Frelsi og velferð; Saga 20. aldar eftir Synnove Veinan Hellerud og Ketil Knudsen. Á ferð um samfélagið eftir Garðar Gíslason. Ýmis kennslumyndbönd og heimildabættir af netinu og kvikmyndir sem tengjast námsefninu.

Námsmat

Kannanir, verkefnaskil, vinna við og flutningur réttarhalda. Einkunnir eru gefnar í bókstöfum A, B+, B, C+, C og D og í táknum í samræmi við hæfniviðmið Aðalnámskrár. Hæfniviðmið samfélagsgreina byggja á sex eftirfarandi þáttum:

- Vinnulag samfélagsgreina
- Sjálfsmynd
- Borgaravitund
- Siðferði og trú
- Saga
- Jörðin okkar

Kennarar Guðfinna Auður Guðmundsdóttir og Guðný Eygló Ólafsdóttir



Danska 10. bekkur 2025-2026

Unnið verður með ýmiss konar texta, þematengda, smásögur, lagatexta, bókmenntatexta og fleira. Markmiðið er að auka lesskilning og orðaforða og að þjálfar nemendur í framsögn og hlustun. Einnig verður unnið með ýms gervigreindarforrit.

Kennsluaðferðir

Lögð verður áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir sem miða að því að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda við lausnir viðfangsefna. Meðal annars innlagnir, paravinna, hópavinna, hlustun/áhorf, ritun, talæfingar, umræður, vinnubókarvinna, stuttmyndagerð, töflukennsla, lestur, ýmsir leikir, spurningakeppni. Skapandi vinna skipar stóran sess í tímum hjá okkur.

Námsefni og gögn

Smil, lesbók og vinnubók B, Dejlige Danmark og tilheyrandi vinnubók, Dumme sms'er, Midsommer(dvd), Jagten (dvd), Rain þættir af dr.dk, Drømmen (dvd), ýmislegt efni frá kennara og af netinu, tölvur og snjalltæki.

Námsmat

Lesskilningskannanir, Ritanir, Dumme sms'er- könnun, Jagten (Jaget netleiðangur), Midsommerverkefni, Rain- verkefni, kynning (Mit idol), sönglagakeppni.

Hér verður notast við skrifleg próf sem verða hefðbundin próf, parapróf og gagnapróf. Við mat á Munnlegt próf verður úr myndinni Jagten. Ritunarverkefni verða ferlisritun, þar sem nemendur fá endurgjöf eftir fyrstu skil og skila svo aftur.

Kennari Erna Björg Guðlaugsdóttir



Enska 10. bekkur 2025 -2026

Í 10. bekk er lögð áhersla á að nemendur undirbúi sig fyrir nám á framhaldsskólastigi. Markmiðið er að þeir öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum, auki orðaforða sinn verulega og geti tjáð sig blátt áfram og hnökralaust um flókin viðfangsefni. Menningarläsi og tjáning er í fyrirrúmi.

Unnið er markvisst með lykilhæfnipætti tungumála út frá Aðalnámskrá:

Hlustun og talað mál:

- Nemandi geti skilið almennt talað mál og fylgst með efni í miðlum (fréttir, bíómyndir, umræður).
- Geti tjáð sig lipurlega, tekið þátt í rökræðum og bjargað sér við óvæntar aðstæður.
- Geti flutt undirbúið erindi og gert grein fyrir skoðunum sínum á skýran hátt.

Lestur:

- Nemandi geti lesið hjálparlaust almenna texta (dagblöð, tímarit) og skáldverk ætluð ungu fólki sér til gagns og gamans.
- Hafi tileinkað sér markvissar lestraraðferðir
- Öðlist innsýn í menningu og þjóðlíf enskumælandi landa í gegnum texta.

Ritun og málnotkun:

- Nemandi geti skrifað samfelldan texta með skýrri uppbyggingu (inngangur, meginmál, niðurlag).
- Geti beitt helstu málfræðireglum og haft vald á fjölbreyttum ritunarstílum (t.d. ritgerðir, sögur, formleg bréf).
- Kunni að nýta sér hjálpargögn og upplýsingatækni við textasköpun og prófarkalestur.

Kennsluhættir og vinnulag

Áhersla er á fjölbreytni, sjálfstæði og ábyrgð í námi:

- **Vinnulag:** Blanda af töflukennslu, einstaklingsvinnu, paravinnu og hópavinnu.
- **Stafræn hæfni:** Markviss notkun upplýsingatækni og hjálpargagna við nám og úrvinnslu.
- **Sambætting:** Verkefni tengja saman alla færniþætti og menningarþekkingu.

Námsgögn

Spotlight 10 (lesbók og vinnubók). *Málvísir* og málfræðiafingar. Kjörbækur og skáldsögur. Mynd- og hljóðefni, efni af veraldarvefnum.

Námsmat

Námsmat byggir á leiðsagnarmati í samræmi við hæfnivíðmið (A, B+, B, C+, C, D).

- **Hlustun og tal:** Hlustunarpróf, munnleg próf, kynningar og þátttaka í tímum.
- **Lestur:** Lesskilningsverkefni, kjörbókalestur og endursögn/túlkun.
- **Ritun og málfræði:** Kaflapróf, ritunarverkefni (heima og í skóla) og lokaverkefni.

Símat fer fram yfir allan veturinn þar sem horft er til virkni, framfara og hæfni í fjölbreyttum verkefnum.

Kennarar Guðný Eygló Ólafsdóttir og Erla Mekkin Jónsdóttir



Lífsleikni 10.bekkur 2025 – 2026

Í lífsleikni 10. bekkjar er lögð áhersla á að nemendur:

- Efli góðan bekkjaranda.
- Þekki eigin styrkleika og veikleika og að þeir verði færir um að taka ákvarðanir á þeim grunni.
- Geti sýnt fram á skilning á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
- Þekki grundvallarþarfir sínar (U.t.á).
- Átti sig á hugmyndinni um vaxandi hugarfar.
- Þjálfist í að halda bekkjarfundi.

Að auki er lögð áhersla á að nemendur:

- Fái þjálfun í að vinna með öðrum.
- Átti sig á að árangur felst í því að gefast ekki upp.

Kennsluaðferðir

Kennt er einu sinni í viku 50 mínútur í senn. Innlögn í upphafi kennslustundar, mynbönd, hljóðbækur, einstaklingsvinna, fyrirlestrar og para-og hópavinna. Unnið er í stöðvum við úrvinnslu á einstökum verkefnum.

Námsefi og gögn

Námsefnið Uppeldi til ábyrgðar, Bekkjarfundaheftið eftir Ingileif Ástvaldsdóttur, ýmiss myndbönd af netinu og kvikmyndir, fræðsla og heimsóknir í tengslum við námsefnið.

Námsmat

Leiðbeinandi símat í hverri kennslustund. Lögð er áhersla á að leiðbeina á uppbyggjandi hátt og hrósa fyrir góð vinnubrögð. Lokanámsmat byggir á þátttöku og virkni í kennslustundum.

Námsmat er unnið samkvæmt hæfnikorti Aðalnámskrár grunnskóla.

Umsjónarkennarar Bjarni Sævar Þórsson og Sigurlaug Hauksdóttir



Íþróttir 10. bekkur 2025-2026

Helstu áherslurnar eru: leikir, samvinna, hreyfing og virkni. Að nemendur kunni skil á mismunandi leikjum og íþróttagreinum.

Kennsluaðferðir

Við notumst við mismunandi leiki og formkennslu svo sem stöðvar, leiki með og án áhalda, hringþjálfun og fleira.

Uppbygging kennslu er þannig: Upphitun, aðalþáttur 1 og aðalþáttur 2 og niðurlag.

Kennt er í íþróttahúsi Ingunnarskóla og í nærumhverfi skólans.

Námsefni og gögn

Boltar, kistur, kaðlar, spaðar, húllahringir, sippubönd, dýnur og margt fleira.

Námsmat

Á eldri stigum metum við nemendur eftir virkni, viðhorfi, mætingu og framkomu ásamt stöðluðum íþróttaprófum. Þessi stöðluðu próf meta styrk, snerpu, samhæfingu og þol nemanda.

Kennarar Haraldur Þorvarðarson og Matthías Jochum Matthíasson



Áhugatengt nám 8.-10. bekkur 2025-2026

Nemendur mæta í kennslustund einu sinni í viku og vinna einnig sjálfstætt í skóla eða heima fyrir. Áhersla er á að nemendur fái tækifæri til að skapa verkefni tengd eigin áhugasviði undir leiðsögn kennara. Nemendur eru hvattir til að gera tilraunir með efni og aðferðir, rannsaka möguleika til úrlausna og finna tengingar og fyrirmyndir sem nýtast til að ná betri tökum á verkefninu. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að rækta með sér áhuga og þekkingu á fjölbreyttum viðfangsefnum.

Kennsluaðferðir

Kennarar fylgjast með vinnuferli nemenda og skoða viðfangsefni þeirra jafnt og þétt yfir önnina. Nemendur fara yfir leiðbeinandi athugasemdir frá kennara og eiga að skoða hvernig þeir geta kafað dýpra í námsefnið, nýtt sér leiðsögn, endurgjöf og gagnrýni frá kennara á uppbyggilegan hátt. Viðmið leiðsagnarnáms eru höfð í huga þegar kennarar gefa endurmat á vinnu nemenda.

Námsefni og gögn

Nemendur eru hvattir til að beita skapandi hugsun, ígrunda og nota rafrænt námsefni/forrit til stuðnings við vinnutækni og vinnulag. Google Classroom er notað til að skila inn verkefnum nemenda og kennarar skrá þar inn endurgjöf.

Námsmat

Áhugatengt nám er metið eftir fyrir fram gefnum hæfniviðmiðum byggðum á lykilhæfni Aðalnámskrár. Verkefni nemenda sem eru metin:

Lyfturæða: þar sem hugmynd af verkefni annarinnar er kynnt í stuttu myndbandi. Nemendur segja hvað þeir vilja læra og hvaða leiðir þeir ætla að fara til að ná markmiðum sínum.

Dagbók: nemendur skrá vinnuferli sitt, vanda framsetningu og setja inn myndir og myndbönd af vinnuferlinu.

Kynning á lokaverkefninu: nemendur kynna verkefni sitt á skýran og skapandi hátt, segja frá vinnuferlinu og ígrundunum sínum við lok verkefnisins

Vinna í kennslustund: áhersla er á að nemendur geti leyst fjölbreyttar áskoranir við vinnuferlið og nýtt sér leiðsögn og endurgjöf til að gera betur.

Kennarar Erna Björg Guðlaugsdóttir, Guðbjörg Bjarnadóttir, Guðrún Þóra Bjarnadóttir, Haraldur Þorvarðarson, Alma Rut Sigmundsdóttir, María Skúladóttir, Sigríður Rafnsdóttir og Þuríður Aðalsteinsdóttir



Lokaverkefni 10. bekkur 2025-2026

Lokaverkefni 10. bekkjar er þverfaglegt verkefni þar sem reynir á sjálfstæði, samvinnu og skapandi hugsun nemenda. Markmiðið er að nemendur nýti þá þekkingu og leikni sem þeir hafa öðlast í grunnskóla til að leysa fjölbreyttar áskoranir.

Helstu þættir verkefnisins Verkefnið skiptist í nokkra þætti sem reyna á ólíka færni:

- **Dagbók og ígrundun:** Einstaklingsverkefni þar sem nemendur skrá vinnuferlið sitt, skipuleggja sig og bera ábyrgð á eigin námi.
- **Tungumál (enska og danska):** Gerð kynningarmyndbands þar sem reynir á framsögn, framburð og tjáningu.
- **Stærðfræði:** Gerð fjárhagsáætlunar þar sem unnið er með laun, skatta og kostnað.
- **Samantekt og heimildavinna:** Hópurinn skilar sameiginlegri skýrslu þar sem reynir á vandaða heimildanotkun, uppsetningu og frágang.
- **Lokakynning:** Verkefninu lýkur með kynningu þar sem nemendur miðla afrakstri sínum til gesta.

Hæfniviðmið og áherslur Unnið er út frá lykilhæfni og hæfniviðmiðum nokkurra námsgreina:

- **Sjálfbærni og náttúruvernd:** Fjallað er um sjálfbæra þróun og tekin afstaða til siðferðilegra þátta í náttúruvernd (Samfélags- og náttúrufræði).
- **Tjáning og miðlun:** Áhersla á að ræða mál á skýran hátt, vekja áhuga og nýta hugbúnað við framsetningu kynningarefnis.
- **Samvinna og sjálfstæði:** Nemendur þurfa að sýna frumkvæði og vinna vel saman í hópi.

Námsmat Lokaverkefnið er metið eftir lykilhæfni og hæfniviðmiðum.

- **Leiðsagnarnám:** Áhersla er lögð á leiðsagnarnám í ferlinu.
- **Jafningjamat:** Nemendur meta vinnuframlag hvers annars.
- **Málfar og frágangur:** Málfar og stafsetning er metin í öllum textum sem skilað er.

Kennarar í unglingadeild Ingunnarskóla